

Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra

Fundargerð

29. fundur úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra, haldinn miðvikudaginn 15. desember 2021, kl. 10:00, á Skagaströnd.

Mætt til fundar: Lárus Ægir Guðmundsson, formaður, Jóhanna Ey Harðardóttir, formaður fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar og Ragnhildur Haraldsdóttir, formaður fagráðs menningar.

Einnig sátu fundinn starfsmenn SSNV, Sveinbjörg Rut Pétursdóttir og Ástrós Elísdóttir. Formaður nefndarinnar stýrði fundi.

Dagskrá:

1. Bréf framkvæmdastjóra SSNV sent til formanns úthlutunarnefndar 10. desember 2021, svohljóðandi:

„Í fjárhagsáætlun Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) fyrir árið 2022 sem samþykkt var á haustþingi samtakanna þann 22. október 2021 er gert ráð fyrir að styrkir Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra á árinu 2022 verði:

<i>Til menningarmála</i>	<i>36.000.000 kr.</i>
<i>Til atvinnuþróunar og nýsköpunar</i>	<i>34.000.000 kr.</i>

Að auki eru til ráðstöfunar fjármunir vegna styrkja sem hafa verið lækkaðir, felldir niður eða afþakkaðir af styrkþega. Þeir fjármunir skiptast þannig:

<i>Til menningarmála</i>	<i>750.000 kr.</i>
<i>Til atvinnuþróunar og nýsköpunar</i>	<i>6.275.611 kr.</i>

Samtals eru því til úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra í úthlutun með umsóknarfresti til 12. nóvember 2021:

<i>Til menningarmála</i>	<i>36.750.000 kr.</i>
<i>Til atvinnuþróunar og nýsköpunar</i>	<i>40.275.611 kr.</i>

Samtals til úthlutunar 77.025.611 kr.

Óskað er eftir því að innihald þessa bréfs verði bókað í fundargerð úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs.

Komi til þess að ekki verði öllum fjármunum úthlutað mun stjórn SSNV taka ákvörðun um ráðstöfun eftirstöðva.“

2. Vanhæfi nefndarmanna við afgreiðslu umsókna í Uppbyggingarsjóð.

Ekki var um vanhæfi nefndarmanna að ræða.

3. Fundargerðir fagráðs menningar

Fundargerðir fagráðs til kynningar.



4. Tillaga fagráðs menningar um styrki á sviði menningar - afgreiðsla

Fyrir fundinum lá tillaga fagráðs menningar, frá 13. des. sl., um úthlutun styrkja. Nefndin fór yfir tillögurnar og ræddi þær.

Samþykkt að 12 umsóknir fái stofn- og rekstrarstyrk alls að upphæð 17.000.000 kr.

Samþykkt að 42 umsóknir fái verkefnastykk alls að upphæð 19.750.000 kr.

Sjá fylgiskjal: „Fagráð MENN – úthlutun 2022“.

5. Fundargerðir fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar

Fundargerðir fagráðs til kynningar.

6. Tillaga fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar um styrki á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar - afgreiðsla

Fyrir fundinum lá tillaga fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar, frá 8. des. sl., um úthlutun styrkja.

Nefndin fór yfir tillögurnar og ræddi þær. Samþykkt að 24 umsóknir fái styrk alls að upphæð 40.275.611 kr.

Sjá fylgiskjal: „Fagráð APN – úthlutun 2022“.

7. Svarbréf til umsækjenda um styrk

Fyrir fundinum lágu drög að svarbréfum til umsækjenda. Ekki voru gerðar athugasemdir við drögin.

8. Úthlutunarhátíð

Gert er ráð fyrir að svör verði send til umsækjenda í tölvupósti föstudaginn 17. desember nk. og að úthlutunarhátíð verði í Austur-Húnavatnssýslu fimmtudaginn 20. janúar 2022, kl. 17:00, að því gefnu að samkomutakmarkanir leyfi slíkt.

9. Umsóknar- og úthlutunarferli - athugasemdir

Nokkrar athugasemdir komu frá fagráðunum og verða þær teknar til skoðunar fyrir næsta umsóknar- og úthlutunarferli. Starfsmaður fagráðs menningar mun gera úttekt á úthlutunarferli og reglum uppbyggingarsjóða annarra landshlutasamtaka og kynna á fyrsta fundi næsta úthlutunarferlis.

10. Könnun meðal umsækjenda – niðurstöður

Í heild voru niðurstöðurnar mjög jákvæðar.

11. Önnur mál

Engin önnur mál komu fram.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð upplesin og samþykkt, fundi slitið kl. 11:53.

Ástrós Elísdóttir, fundarritari